



Starfsmannafélag Seltjarnarness

Skrifstofa Mýrarhúsaskóla eldri. Pósthólf 132,
172 Seltjarnarnes. Kt. 711079-0179, Sími/fax 5621145.

Alþingi
Erindi nr. P 125/699
komudagur 26.1.2000

Seltjarnarnesi, 20. 01. 2000

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Umsögn Starfsmannafélags Seltjarnarness um frumvarp til laga um
kjarasamninga opinberra starfsmanna, 225. mál, fjöldauppsagnir.

Starfsmannafélagi Seltjarnarness hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um
kjarasamninga opinberra starfsmanna, 225. mál, lagt fyrir á 125. löggjafarþingi 1999 -
2000.

Starfsmannafélag Seltjarnarness leggur áherslu á að félagið er eindregið
mótfallið því að frumvarp þetta verði að lögum og rökstyður þá afstöðu með eftirfarandi
hætti.

1. Frumvarpið, ef að lögum verður brýtur gegn samkomulagi milli BSRB, BHM
og Bandalags kennarafélaga annars vegar og fjármálaráðherra og Sambands ísl.
sveitarfélaga hins vegar, frá 24. nóvember 1986. Með þessu er Alþingi að rjúfa
friðarskyldu ríkisins meðan kjarasamningur er í gildi og kasta stríðöxinni í andlit
starfsmanna sinna og sveitarfélaga landsins.

2. Félagið mótmælir alfarið þeirri hugsun og þeim vinnubrögðum að það sé
réttlæt看legt tilefni til einhliða breytingum á samkomulagi og samstarfsreglum aðila að
kjarasamningum að öðrum aðilanum mislíki niðurstaða dómstóla landsins í
ágreiningsmálum.

3. Að öðru leyti er vísað til ályktana og mótmæla áður fram komna frá BSRB
BHM. og KÍ. Ásamt umsögn BSRB dags. 06. 01. 2000 um frumvarpið.

F.h. Starfsmannafélags Seltjarnarness

Árni Sigurjónsson